

Fundur í skólanefnd fimmtudaginn 21. mars 2019

Mættir: Ágústa Elín Ingbórsdóttir skólameistari, Dröfn Viðarsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritar fundargerð, Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastjóri, Gyða Bentsdóttir fulltrúi kennara, Viktor Elvar Viktorsson, Helga Kristín Björgólfsdóttir, Þórdís Þórisdóttir, Ellert Jón Björnsson, Ingþór B. Þórhallsson.

Efni fundarins:

Gjaldskrá

10. bekkur í FVA

FabLab í FVA

Kennsluhúsnæði

Önnur mál

Ágústa Elín setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Gjaldskrá

Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastjóri lagði fram tillögu að nýrri gjaldskrá sem tekur gildi 1. júní 2019. Guðrún fór yfir breytingar frá fyrri gjaldskrá. Gjaldskrá hafði verið óbreytt í 2 ár þar sem engin skólanefnd var starfandi síðastliðið vor. Rætt var um hækkun húsaleigu frá Ríkiseignum. Vegna skorts á upplýsingum um framlag vegna hækkunar húsaleigu var ákvörðum um breytingar á gjaldskrá heimavistar frestað, nefndarmenn fá sendar tillögur um breytingar í tölvupósti. Gjaldskrá samþykkt fyrir utan liðinn um heimavist.

Guðrún Lind fer af fundi.

10. bekkur í FVA

Ágústa upplýsti fundarmenn um stöðu mála. Á fundi skóla- og frístundaráðs í vikunni var samþykkt að koma ekki með 10. bekk í FVA á haustönn 2019.

FabLab í FVA

Ágústa sagðist jákvæð fyrir því að hafa FabLab hér í skólanum. Það væri hægt að hýsa FabLab á efri hæð málmiðngreinahúss ásamt húsnæði fyrir mechatronic og skapandi starf fyrir nemendur. Ágústa vill að við förum í þarfagreiningu og fáum húsnæði breytt með þessar þarfir í huga.

Rætt um að senda fjárbeiðnir til þeirra sveitarfélaga sem standa að skólanum.

Umræður um FabLab.

Kennsluhúsnæði

Ágústa ræddi um beiðni til Ríkiseigna um hjólaskýli og fegrún lóðar skólans. Rætt m.a. um körfuboltavöll.

Önnur mál

Ágústa sagði frá sýningunni í Laugardalshöll, sýningin tókst vel.

Ágústa sagði frá kynningum í grunnskólum á Vesturlandi sem standa yfir. Kynningum líkur fyrir páska. Búið er að hafa opið hús fyrir nemendur og foreldra. Eins eru 10. bekkjar nemendur í nágrannaskólanum búnir að koma í heimsókn.

Ágústa sagði frá hugmyndum um nýsköpunar- og fumkvöðlamenntasvið á opinni stúdentsbraut.

Dröfn fór yfir nemendatölur og sagði frá stöðu brauta og útskrifa.

Ágústa sagði frá rafrænu ferilbókinni sem er í vinnslu og verður tekin upp í iðnnámi á næstu önnum.

Ágústa sagði frá þeim verkefnum sem eru í gangi hjá stjórnendur skólans, innleiðing skjala- og málakerfis, persónuverndarmál, jafnlaunastaðall og gæðahandbók.

Ágústa sagði frá því að Dröfn væri að fara í námsorlof, búið er að auglýsa eftir afleysingu, fjórar umsóknir bárust.

Helga Kristín spurði um dagsetningu á útskrift, búið er að færa útskriftina á laugardaginn 25. maí.

Helga Kristín spurði um brottfall nemenda fædda 2002, við höfum ekki svar við þessu.

Ágústa sagði frá styrk sem skólinn fékk til að útbúa námsver. Námsverið er komið í notkun.

Viktor spyr um samninga við kennara. Ágústa segir að skólameistari hafi lagt fram nokkrar hugmyndir að nýjum stofnanasamningi en þeim hafi öllum verið hafnað af kennurum.

Dröfn Viðarsdóttir

Fundarritari.